

KIRKJUGARÐARÁÐ

69. fundur haldinn 9. mars 2009 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

1. Setning fundar

Fundur var settur kl. 13:15. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Fjármál kirkjugarða – uppgjör ársins 2008 og áætlun fyrir 2009

Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Hækkun frá 2008-2009 var 10%. Hann gerði grein fyrir tilfærslum vegna útreikninga á tekjum í flokkum 4-8. Einingarverð graftartöku hefur breyst í þeim flokkum og fengu þeir 10 % hækkun fram yfir aðra.

KGSÍ hefur gert upplýsingar varðandi fjármál kirkjugarða aðgengilegar á vefnum.

3. Minnismerki – hvað hæfir kirkjugörðum

Smári Sigurðsson kynnti. Málið var rætt. Niðurstaðan var að kirkjugarðastjórnir hefðu fullt vald til að samþykkja eða hafna þeim minnismerkjum sem ekki þykja viðgeigandi, en aðilar hafi heimild til að leita til Kirkjugarðaráðs.

4. Kynning á bók um trúarbrögð og útfararsíði

Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Bókin var að koma út. Gunnar Nygaard, norskur prestur, samdi hana. Hægt að fá hana í Kirkjubúsinu og hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur.

5. Afgreiðsla á erindi vegna frátöku leiðis í Keflavíkurkirkjugarði

Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti. Málinu lauk farsællega.

6. Næsti fundur

Næsti fundur 11. maí kl. 13:00.

7. Önnur mál

- a) Ragnhildur Benediktsdóttir kynnti að Kirkjubúing hefði samþykkt 2006 að sett yrði á laggirnar launanevnd. Ragnhildur er formaður nefndarinnar. Nefndin hefur gert samninga vegna organista, djákna, og þeirra sem vinna að æskulýðsmálum. Stofnanir kirkjunnar mega vera með og þar inn í kemur Kirkjugarðaráð. Nefndin hefur umboð frá um 30 sóknarnefndum. Engin ákvörðun tekið um málið.

- b) Ragnildur bar fram fyrirspurn um hvort til væri starfslýsing fyrir kirkjuverði og kirkjugarðsverði. Hún er til um kirkjuverði, en virðist ekki til um kirkjugarðsverði.

Fundi slitið kl. 15:35.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari